

139. löggjafarþing 2010-2011.  
Þskj. 10 - 10. mál.

### Umsögn Haralds Henryssonar fyrrverandi hæstaréttardómara.

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis 19. október 2010 var óskað umsagnar undirritaðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, 10. mál.

Frumvarpið tekur til breytinga á 2. mgr. 165. gr. laganna. Eftirfarandi umsögn mín er miðuð við reynslu mína sem dómari við Hæstarétt Íslands í 15 ár, en ég lét þar af störfum 1. september 2003.

Tilgangur frumvarpsins er samkvæmt greinargerð flutningsmanna að auka gagnsæi í dómstörfum við Hæstarétt Íslands, sem er vissulega góðra gjalda vert. Mér virðist, einkum með hliðsjón af greinargerð frumvarpsins, að efnisleg breyting frá núgildandi skipan felist í því að hver dómari skuli skila skriflegu atkvæði, sem birt verði með dómi. Svo og skuli koma fram hver hafi samið dómsatkvæði, þegar fleiri en einn eiga aðild að því.

Rétt er að rekja nokkuð hvernig framkvæmdin hefur verið á þessu í Hæstarétti um langa hríð. Eftir framsögu frummælanda á fundi að loknum málflutningi fara fram umræður dómara og kemur þá í ljós afstaða þeirra til þeirrar niðurstöðu og forsendna sem frummælandi hefur mælt fyrir. Hljóti framsetning hans fylgi meiri hluta dómenda semur hann atkvæði að dómi sem kemur til umræðu á einum eða fleiri fundum þar sem dómarar vinna sameiginlega að því að setja atkvæðið í þann búning sem þeir telja hæfa og er áhersla lögð á að skýrlega sé tekin afstaða til allra málsástæðna. Að lokinni þeirri vinnu undirritar frummælandi atkvæðið og aðrir dómarar sem samþykkir. Dómari, sem er samþykkur niðurstöðunni, en ekki að öllu leyti samþykkur forsendum meiri hlutans getur, ef um minni háttar atriði er að ræða, gert athugasemd í lok atkvæðis, en skilar ella sératkvæði eins og sá eða þeir, sem ekki eru samþykkir niðurstöðunni og birtist það með dóminum. Í reynd er yfirleitt ekki um það að ræða að einhver einn dómari semji atkvæði að öllu leyti en ljóst er þó að frummælandi hefur ritstýringu þess með hendi og atkvæðið því að meira eða minna leyti mótað af ritstíl hans.

Í sjálfu sér finnst mér ekkert mæla gegn því að við birtingu dóms komi fram hver úr hópi dómenda, er standa að dómi, hafi verið frummælandi, en mér þykir þá heppilegra að nota það orð frekar en höfundur. Hugsanlega gæti Hæstiréttur tekið upp þann hátt að í


upptalningu dómara sé nafn frummælanda skáletrað og þarf þá að skoða hvort lagabreyting sé nauðsynleg til þess að það verði gert.

Að öðru leyti tel ég erfitt að koma auga á þörf fyrir þær breytingar sem í frumvarpinu felast. Dómarar ræða efni máls ítarlega á fundum sínum þar sem öll sjónarmið komast að og í ljósi umræðna þróast atkvæði sem að lokum verður dómur, undirritaður af þeim dómurum sem að honum standa. Telji einhverjir dómara sín sjónarmið ekki fá fylgi og ná inn í atkvæði geta þeir gert athugasemd eða skilað sératkvæði eins og fyrr segir. Sá háttur sem hér hefur verið á hafður hefur að mínu mati gefist vel og stuðlar að því að dómur Hæstaréttar séu aðgengilegir og auðlesanlegir, jafnt fyrir löglærða sem hinn almenna borgara en það er ekki síður um vert. Leyfi ég mér að halda því fram að við stöndum að þessu leyti síst að baki erlendum dómstólum sem vísað er til í greinargerð flutningsmanna. Þótt menn hafi deilt um merkingu einstaka dóms í tímans rás skiptir það ekki máli að mínu mati þegar til heildarinnar er litið. Hafa ber í huga að umræður um dóma mótast stundum af misskilningi um það hvernig mál var flutt og hvaða málsástæður voru hafðar uppi.

Sé það ætlun flutningsmanna að hver dómari semji sínar forsendur sérstaklega kallar slík tilhögun á annars konar vinnutilhögun og myndi að mínu mati leiða til aukins vinnuálags dómara, endurtekninga og tafa, og því ekki vera til bóta. Ég tel núgildandi skipan fyllilega tryggja að mismunandi sjónarmið dómara komi fram og ég get ekki fallist á að hún stuðli að minni persónulegri ábyrgð hvers dómara um sig en sú skipan er flutningsmenn leggja til. Ekki þarf að hafa mörg orð um það álag sem nú hvílir á Hæstarétti og hefur aukist ár frá ári vegna þess efnahagshruns sem yflr þjóðina dundi. Þetta álag á einnig meðal annars rætur að rekja til þess að hér á landi höfum við aðeins tvö dómstig. Verði stofnað millidómstig, eins og flestir lögfræðingar eru sammála um að nauðsynlegt sé að gera, breytast viðhorf í þessum efnum og verður að telja eðlilegt og líklegt að reglur um meðferð mála og vinnutilhögun í Hæstarétti komi þá til endurskoðunar.

Samkvæmt framansögðu get ég ekki mælt með samþykkt ofangreinds frumvarps að því er varðar meginefni þess. Ég tel hins vegar að til greina komi að við birtingu dóma Hæstaréttar komi fram hver dómara hafli verið frummælandi í viðkomandi máli.

Reykjavík, 2. nóvember 2010



Haraldur Henrysson